

## Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum haldinn 10. nóvember 2020 kl. 11:00 með fjarfundabúnaði.

Mætt: Frá lögreglustjóra: Kjartan Þorkelsson, Björn Ingi Jónsson, Margrét Harpa Garðarsdóttir, Sveinn Kristján Rúnarsson. Fulltrúar sveitarfélaga í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Einnig sat fundinn Elín Freyja Hauksdóttir, umdæmislæknir sóttvarna. Ásta Stefánsdóttir tók niður punkta úr umræðum.

### Covid staðan og verkefni tengd stöðunni.

Elín Freyja – ágæt staða á Suðurlandi, enþá smit í flestum bæjarhlutum, en komin niður í 50 manns. Höfum verið í um 60 manns, en fór niður eftir að stór hópur starfsmanna Sólvalla útskrifaðist. Einhverjir íbúar eru að fara að útskrifast, en margir ennþá veikir. Gengur þokkalega vel. Ekkert smit í gær, annars 1-3 á dag sl daga. Bakvarðasveitir – sveitarfélög sem hafa hjúkrunarheimili – þurf að athuga hvort félagsmálastjórar séu komnir með aðgang að bakvarðasveitinni. Leitað verður til félagsmálastjóra til að fá fólk af bakvarðalista ef það vantar starfsmenn. Mönnunarvandi á Sólvöllum hefur verið leystur með starfsfólki annars staðar frá og fellst mikill lærdómur í því fyrir viðkomandi starfsmenn. HSU er líka að koma sér upp viðbragðsteymi til að geta brugðist við á 1. degi. Áhersla á að taka heilsu starfsmanna fram yfir og fara inn á heimili til að gera aðstæður öruggar. Til stendur að opna covid deild á Selfossi fyrir 4 einstaklinga. Eru ekki með aukamönnun en taka hana af öðrum deildum. Landspítali mun nýta þetta úrræði fyrir fólk sem er ekki alveg tilbúið að fara heim.

Björn Ingi – Landamærin um 3-400 farþegar á dag að koma, 0-20 smit á dag, grípa 80% smita í fyrstu skimun. Unnið að því að taka í burtu valkvæða möguleika varðandi tvöfalda skimun. Farið verður hægt í afléttingar 17. nóv. Minkabú – sóttvarnalæknir vill ekki gefa mikið út á það, en skima á í minkabúum á Íslandi. Vinna þarf betur úr gögnum í Danmörku. Heildstæðar skimanir á vinnustöðum – spurt hefur verið um það en sóttvarnalæknir telur það ekki vera það sem þarf að fara í núna.

Spurt var um rekstur hjúkrunarheimila og hvort ríkið sé eitthvað að dekka aukakostnað, eins og á Sólvöllum. Þar mun þetta fara langt fram úr fjárframlögum. Gera ráð fyrir að ríkið komi með framlag, ekki síst af því að það var verið að létta á Landspítalanum með því að sinna fólkinu á heimilinu. Þeir tapa líka daggjöldum vegna fólks sem varð að senda annað. Ekkert heimili stendur undir þessu, þannig að ríkið verður að koma inn. Talað um í viðbragðsáætlun að það eigi að sækja þetta til hjúkrunarheimila. Halda þarf utan um allan aukakostnað, hvar sem hann fellur til og er mikilvægt að passa alla skráningu.

Næsti fundur eftir viku. Fundi slitið kl. 11:15